

Tíundi fundur Skólanefndar Framhaldsskólans á Laugum haldinn á Sel hóteli þriðjudaginn 23. júní 2020 klukkan 16:00.

Mættir: Dagbjört Jónsdóttir, Hjördís Stefánsdóttir, Bjarni Höskuldsson, Bryndís Ívarsdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Hanna Sigrún Helgadóttir fulltrúi kennara sem ritaði fundargerð. Baldur Daníelsson boðaði forföll og á síðustu stundu forfallaðist varamaður hans.

1. Skólastarfið á vorönn

Sigurbjörn fór yfir skólastarf á vetrarins og sagði það hafa gengið mjög vel. Tónkvíslin var haldin 22. febrúar með aðeins breyttu sniði og gekk hún vel. Skíðaferð var farin á uppbrotsdögum í lok febrúar. Skólanum var lokað frá og með mánudeginum 16. mars vegna Covid-19. Tók þá við fjarkennsla í gegnum Teams út önnina. Starfsmannaviðtöl voru tekin eftir páska og gengu vel.

2. Útskrift

16 nemendur voru brautskráðir í vor. Þeir hafa þegar fengið skírteini sín en formleg útskriftarathöfn verður haldin 29. ágúst n.k., daginn fyrir skólasetningu. 8 nemendur útskrifuðust af félagsvísindabraut, 3 af íþróttabraut, 3 af kjörsviðsbraut (2 með tónlistarkjörsvið og 1 með vélvirkjun), 1 af náttúruvísindabraut og 1 af íþrótta- og náttúruvísindabrautum.

3. Umsóknir

Skólanum bárust 40 umsóknir í fyrsta val beint úr 10. bekk og 36 umsóknir í annað val. 17 nemendur sem hafa verið í öðrum skólum eða tekið námshlé sóttu um skólavist., þar af 6 á almenna braut, 2 á fyrsta ár, 3 á annað ár og 6 á þriðja ár. Af núverandi nemendum skólans sóttu 66 nemendur um skólavist, 3 á almenna braut, 9 á fyrsta ár, 32 á annað ár og 22 á þriðja ár.

4. Inntaka

Teknir voru inn 39 umsækjendur beint úr 10. bekk, þar af 12 á almenna braut, 11 á félagsvísindabraut, 6 á íþróttabraut, 4 á kjörsviðsbraut og 6 á náttúruvísindabraut.

Af nemendum þeim sem voru í öðrum skólum eða tóku námshlé voru 8 teknir inn, þar af 2 á annað ár og 6 á þriðja ár.

Allir 66 af nemendum sem voru í FL í vetur og sóttu um áframhaldandi skólavist voru teknir inn.

Samtals voru 113 nemendur teknir inn. Þar af 15 á almennri braut, 32 á félagsvísindabraut, 29 á íþróttabraut, 19 á kjörsviðsbraut og 18 á náttúruvísindabraut.

Samsetning nemendahópsins er þannig að 90 nemendur verða á heimavist, 11 utan vista, enginn í útibúi á Vopnafirði og 12 utan skóla.

5. Skóladagatal

Sigurbjörn fór yfir skóladagatal FL skólaárið 2020-2021. Skólasetning verður sunnudaginn 30. ágúst og formleg brautskráning útskriftarnema 2020 verður daginn áður. Brautskráning 2021 verður 15. maí.

6. Starfsmannabreytingar

María Jónsdóttir náms- og starfsráðgjafi hefur sagt upp störfum. Eygló Sófusdóttir hefur verið ráðin í hennar stað í 60% stöðu.

Skólanefnd þakkar Maríu góð störf í þágu skólans.

Auglýst var eftir 40% starfsmanni í mótuneyti og hefur Svanhildur Kristjánsdóttir verið ráðin í þá stöðu.

7. Könnunin um Stofnun ársins
Sigurbjörn fór yfir niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins. Framhaldsskólinn á Laugum hækkar í öllum flokkum frá síðasta ári og er heildamat stofnunarinnar marktækt hærra.
8. Jafnlaunavottun
Sigurbjörn sagði frá stöðunni í jafnlaunavottunarferlinu og fór yfir helstu niðurstöður launagreiningar. Forúttekt er lokið og lokaúttekt verður gerð 11. ágúst.
9. Fjármál skólans
Ársreikningur Framhaldsskólans á Laugum fyrir árið 2019 hefur ekki enn borist. Staðan er nokkuð óljós. Ársreikningar Mötuneytis FL og framkvæmdasjóðs fyrir árið 2019 liggja fyrir og voru lagðir fram til kynningar.
10. Framkvæmdir á döfinni
Sigurbjörn fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir. Í íþróttahúsinu þarf að fara í loftræstikerfið. Skipta þarf um einhverja glugga og klára vinnu við tröppur í Dvergasteini. Einnig þarf að laga baðherbergi í íbúð í Dvergasteini og gera nýja hurð úr íbúðinni. Klára á að setja upp lyklakortakerfi í húsum skólans. Nú eru talsverðar málningarframkvæmdir í gangi á heimavistum.
11. Hótelrekstur í sumar
Hótelið mun opna 27. júní. Samið hefur verið um að leigugreiðslur til skólans verði þetta sumarið hlutfall af veltu hótelsins.
12. Önnur mál
Sigurbjörn segir frá sumarstörfum fyrir námsmenn en skólinn fékk styrk frá Vinnumálastofnun.